

vinnumiðlunarskrifstofa. Heimilt er að fela sérstökum fulltrúa í atvinnumála- 4
ráðuneytinu öll störf, er líta að vinnumiðlun milli kaupstaða og héraða. 9. jan.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um tollundanþágu fyrir tunnuefni og hamp.

5
9. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Til loka ársins 1937 skal undanþegið hverskonar innflutningstollum efni í
tunnur, sem ætlaðar eru til umbúða um innlendar framleiðsluvörur, svo og
óunninn hampur og hampgarn til veiðarfæragerðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.